



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Matvælaráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 17. janúar 2024

2401016SA FHS
Málalykill: 00.64

Efni: Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg - óskað umsagnar

I. Inngangur

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þann 24. nóvember sl. (mál nr. 245/2023) þar sem kynnt eru til samráðs drög að tillögu til þingsályktunar um sjávarútvegsstefnu og drög að frumvarpi til laga um sjávarútveg. Með frumvarpi til laga um sjávarútveg er lagt til að sett verði ein heildarlög um sjávarútveg og því sameinaðir núgildandi lagabálkar á sviði fiskveiðistjórnunar. Að stærstu leyti byggir frumvarpið á núgildandi ákvæðum laga, en þó eru til staðar nýmæli sem byggja á tillögum starfshópa Auðlindarinnar okkar sem skilaði tillögum til matvælaráðuneytis í ágúst 2023.

II. Umsögn

Samband Íslenskra sveitarfélaga fagnar því í grunninn að ákveðið hafi verið að setja ein heildarlög um sjávarútveg, enda er um einn mikilvægasta atvinnuveg þjóðarinnar að ræða. Til mikils er að vinna að slíkar grundvallarbreytingar séu gerðar í góðu samráði við hagaðila og tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma á þeirri vegferð. Að stærstum hluta varðar frumvarp þetta ekki sérstaka hagsmuni sveitarfélaga að öðru leyti en því að blómlegur sjávarútvegur getur komið sjávarbyggðum landsins til góða með áframhaldandi atvinnusköpun og velsæld sem tengst getur atvinnuuppbyggingu í greininni með tilheyrandi fjölgun íbúa og aukningu útsvarstekna í sjávarbyggðum.

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur yfirfarið þann kafla frumvarpsins þar sem fjallað er um áhrif á sveitarfélög. Í kafla 6.2 er fjallað um áhrif á stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Fram kemur að frumvarpið muni hafa áhrif á stjórnsýslu sveitarfélaga þar sem lagt er til að úthlutun almenns byggðakvóta verði hætt, en sveitarfélög hafa gegnt mikilvægu hlutverki í tengslum við úthlutun byggðakvóta. Í stað þess munu sveitarfélögin gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að byggðakerfum sem fjallað er um í frumvarpinu, þ.e. aflamarki Byggðastofnunar og innviðastuðningi til sjávarbyggða. Afstaða í frumvarpinu felst í því að stjórnsýsla sveitarfélags muni ekki aukast frá núgildandi lagaumhverfi og leiði ekki af sér aukinn kostnað. Samband Íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemd við þetta mat að öðru leyti en því að óljóst er hvert hlutverk sveitarfélaga verður nákvæmlega, þar sem stór hluti reglusetningar liggur ekki fyrir þar sem útfæra á allar aðgerðir sem snúa að sveitarfélögum í reglugerðum.

Þann hluta frumvarpsins sem helst snýr að sveitarfélögum og hagsmunum þeirra er að finna í 38. gr. laganna. Í ákvæðinu felst að ráðherra sé heimilt að draga ákveðið hlutfall í hverri tegund frá heildarafla hvers fiskveiðiárs, 5,3% af heildarafla, sem skuli varið til 5 mismunandi aðgerða, strandveiða, aflamarks Byggðastofnunar, innviðastuðnings til sveitarfélaga, frístundaveiða í atvinnuskyni og sjóstangaveiðimóta. Í öllum tilvikum er um afar mikilvæga hluti fiskveiðistjórnunar að ræða sem getur gagnast mismunandi sveitarfélögum, allt eftir aðstæðum í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Þrátt fyrir það eru engin vikmörk í því hversu lítill eða mikill stuðningur samkvæmt mismunandi töluliðum ákvæðisins getur verið. Er það sett alfarið í hendur viðkomandi ráðherra að ákveða hversu stór hluti heildarafla fer til hvernar aðgerðar fyrir sig. Ekkert kemur t.d. í veg fyrir að öllum aflanum sem til ráðstöfunar er, verði ráðstafað til eins verkefnis í stað þess að honum verði dreift á mismunandi verkefni. Telur Samband íslenskra sveitarfélaga mikilvægt að sett verði lágmörk og hámarks á það aflamark sem fari til einstakra aðgerða, til þess að festa þær í sessi. Afar erfitt er fyrir sveitarfélögin að gera sér grein fyrir áhrifum frumvarpsins við þær aðstæður sem fyrir liggja og þá möguleg fjárhagslegum áhrifum þess á viðkomandi sveitarfélög.

Í frumvarpinu er lagt til að almennur byggðakvóti verði lagður niður. Í stað þess kerfis er lagt til að settur verði á innviðastuðningur til stuðnings sjávarbyggðum þar sem dregið hefur úr sjávarútvegi. Af lestri umsagna sveitarfélaga er ljóst að þessi ráðstöfun að afnema almennan byggðakvóta er umdeild meðal sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga mun ekki taka beina afstöðu til þeirrar leiðar sem lögð er til af þessum sökum en ítrekar mikilvægi þess að eiga gott samtal við þau sveitarfélög sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta og byggðakvóta hefur verið úthlutað til síðastliðin ár. Við yfirferð á tillögum þeim sem fram koma í 62. – 63. gr. frumvarpsins er nær ómögulegt fyrir sveitarfélög að gera sér grein fyrir hvort viðkomandi sveitarfélag komi til greina til innviðastuðnings, hversu hár slíkur stuðningur kunni að vera eða hvaða kröfur séu gerðar til nýtingar þess fjármagns sem fæst til innviðastuðnings. Ekki er að finna frekari leiðbeiningar hvað þetta varðar í athugasemdum með ákvæðunum í greinargerð frumvarpsins. Telur sambandið mikilvægt að sveitarfélög fái frekari leiðbeiningar um við hverju megi búast en nær öll raunveruleg skilyrði til innviðastuðnings verða mótuð í reglugerð.

Í fylgiskjali með frumvarpinu í samráðsgátt er að finna minnisblað þar sem fjallað er um aðra leið til innviðastuðnings sveitarfélaga, en í grunninn er um sambærilega ráðstöfun að ræða og með innviðaleiðinni sem finna má í frumvarpinu. Munurinn felst í því að þar er aflaheimildum ráðstafað beint til sveitarfélags sem sjálft leigir aflaheimildir út til árs í senn og rennur það gjald sem greitt er fyrir aflaheimildir í A-hluta viðkomandi sveitarsjóðs. Sambærilegar athugasemdir má gera við þessa tillögu. Taka ber fram að slíkt fyrirkomulag er þó mun líkara því byggðakvótakerfi sem við lýði er. Ítrekað er að samráð þarf að fara fram við þau sveitarfélög sem hafa fengið úthlutað byggðakvóta síðastliðin ár til þess að ráðuneytið geti metið með skýrum hætti kosti og galla mismunandi leiða.

III. Niðurlag

Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir sig tilbúið til frekara samráðs vegna efnis frumvarpsins. Um mikilvægt mál er að ræða sem mikilvægt er að verði unnið í nánun og góðu samráði við alla hagaðila.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur